

## Ágæti sjóðfélagi

Með bréfi þessu viljum við kynna þér starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á síðasta ári. Eignir sjóðsins námu 310 milljörðum í árslok 2010 samanborið við 283 milljarða árið áður. Starfsemi og rekstur sjóðsins á árinu 2010 var að flestu leyti hagfelldari í samanburði við árið á undan. Hrein raunávöxtun á liðnu ári var 3,4% og skiluðu allir eignaflokkar jákvæðri ávöxtun.

## Starfsemi 2010

**Afkoman** á árinu 2010 var 6,2% sem samsvarar 3,5% raunávöxtun. Ávöxtun, þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 6,1% sem samsvarar 3,4% raunávöxtun.

**Eignasafn sjóðsins** í lok árs 2010 skiptist þannig að um 30% af eignum eru í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 28% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 12% í safni sjóðfélagalána, önnur skuldabréf eru samtals 13% af eignum og 13% í bankainnstæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst nokkuð á árinu og nemur nú um 4% af eignum sjóðsins.

**Fjárfestingar** námu 62,1 milljarði. Þar af námu fjárfestingar í skuldabréfum 44,7 milljörðum, í innlendum hlutabréfum 6,5 milljörðum og í erlendum verðbréfum 10,9 milljörðum. Sala innlendra skuldabréfa nam 9,8 milljörðum og erlendra verðbréfa 22,1 milljarði.

**Lánveitingar til sjóðfélaga** námu 1.035 milljónum samanborið við 2.084 milljónir árið 2009.

**Greiðandi sjóðfélagar** voru 47.196. Þar af voru 32.435 virkir sjóðfélagar en það eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði.

**Iðgjaldagreiðslur** til sameignardeildar námu 15,4 milljörðum. Samtals greiddu 7.243 fyrirtæki iðgjöld vegna starfsmanna sinna.

**Lífeyrisgreiðslur** á árinu 2010 námu 6,4 milljörðum. Alls nutu 10.024 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild. Lífeyrisþegum fjölgaði um 7,2% á árinu og lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 7,8%. Útgreiddur lífeyrir skiptist með eftirfarandi hætti: Ævilangur lífeyrir 64,9%, örorkulífeyrir 25,2%, makalífeyrir 8,3% og barnalífeyrir 1,6%.

**Séreign:** Iðgjöld námu 532 milljónum á árinu 2010 og útgreiðslur 461 milljón. Meðtalið í útgreiðslum eru greiðslur vegna tímabundinnar heimildar til úttektar á séreignarsparnaði að fjárhæð 337 milljónir til 717 einstaklinga.

**Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður:** Samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið setur er kostnaði við rekstur sjóðsins skipt upp í fjárfestingargjöld annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar. Fjárfestingargjöld námu 237 milljónum á liðnu ári. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 199 milljónum. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður námu því samanlagt 436 milljónum sem samsvarar 0,15% af eignum.

## TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg úttekt lífeyrissjóða er gerð árlega til að gæta þess að ákveðið jafnvægi sé á milli eigna og réttinda sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er betri í árslok 2010 en árið áður og er hún nú -3,4%. Vegna jákvæðrar raunávöxtunar og annarra þátta í rekstri sjóðsins er ekki tilefni til að endurskoða lífeyrisréttindi.

## AUKIN HEIMILD TIL ÚTTEKTAR Á SÉREIGNARSPARNAÐI

Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2010 var heimild til sérstakrar úttektar séreignarsparnaðar aukin úr 2,5 milljónum í 5 milljónir. Úttektartímabilið er allt að 12 mánuðir. **Sækja þarf um úttekt samkvæmt heimild þessari fyrir 1. apríl 2011.**

Heimilt er að greiða út til sjóðfélaga allt að 5 milljónir á 12 mánuðum eða 416.667 kr. á mánuði fyrir skatt. Útgreiðslutíminn styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 5 milljónir er að ræða.

## VILTU VERA UPPLÝSTUR SJÓÐFÉLAGI

Á vef sjóðsins er hægt að fræðast um réttindi sjóðfélaga LV, finna upplýsingar, fréttir og fróðleik á auðveldan hátt. Sjóðfélögum býðst að skrá sig á póstlista LV. Þeir sem skrá sig á póstlista sjóðsins fá nýjustu fréttir og fræðsluefni sent í tölvupósti.

Á sjóðfélagvef LV hafa sjóðfélagar beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín, séreignarsparnað, greidd iðgjöld og stöðu lána.

*Með kveðju,  
Guðmundur P. Þórhallsson,  
framkvæmdastjóri*